

2009:4 • 10. mars 2009

## Fjármál hins opinbera 2008, bráðabirgðauppgjör

General government finances 2008, preliminary accounts

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um riflega 17 milljarða króna árið 2008, eða 1,2% af landsframleiðslu og 2,7% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 5,4% af landsframleiðslu 2007 og 6,3% árið 2006. Þessi skarpi viðsnúningur á fyrst og fremst rætur að rekja til minni tekna hins opinbera, en skatttekjur drögust lítillega saman milli ára í krónum talið á sama tíma og útgjöldin jukust um rúmlega 18%. Að teknu tilliti til 192,2 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans er tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 209,3 milljarða króna 2008 eða 14,3% af landsframleiðslu.

Tekjur hins opinbera reyndust 637 milljarðar króna 2008 og hækkuðu um tæpa 13 milljarða króna milli ára eða rúmlega 2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 43,5% samanborið við 47,9% árið 2007 og hafa því lækkað umtalsvert á þennan mælikvarða. Útgjöld hins opinbera námu hins vegar 654 milljörðum króna árið 2008 og hækkuðu um 101 milljarð króna milli ára, eða úr 42,5% af landsframleiðslu árið 2007 í 44,6% árið 2007. Að teknu tilliti til yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans eru heildarútgjöld hins opinbera 846 milljarðar króna 2008 eða 57,7% af landsframleiðslu.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 137,5 milljarðar króna 2008, eða 9,4% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 114 milljarðar króna en hlutur heimila 23,5 milljarðar, eða 17,1% af útgjöldunum. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2008 runnu 18,7% til heilbrigðismála. Til fræðslumála var ráðstafað 119,6 milljörðum króna á árinu 2008, eða 8,2% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 109,2 milljarðar króna og hlutur heimilanna 10,4 milljárðar króna, eða 8,7%. Um 18% útgjalda hins opinbera runnu til fræðslumála. Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 136 milljörðum króna 2008, eða 9,3% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára 24,5 milljörðum króna.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 301 milljarð króna í árslok 2008, eða sem svarar 20,5% af landsframleiðslu. Hún hafði versnað um rúmlega 312 milljarða króna milli ára eða um 21,4% af landsframleiðslu. Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.065 milljörðum króna í árslok 2008 og heildarskuldir 1.366 milljörðum króna.

### Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í  
brennidipli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður stuttlega



vikið að hinum opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hinu opinbera og fyrirtækjum þess (e. *public sector*). En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarþúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


## Umfang hins opinbera

*Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélöð og almannatryggingar*

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þróunga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélöð og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2008**

*Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2008*



Árið 2008 runnu 72,9% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,9% til sveitarfélaga eins og sjá má á mynd 1. Um 31% tekna ríkissjóðs renna síðan áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög. Á árinu 2008 námu fjárfamlög til almannatrygginga 122,2 milljörðum króna og til sveitarfélaga 21,2 milljörðum króna. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 17,7% eða 115,4 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,6% eða 200 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,8% eða 338,4 milljarðar króna.


## Afkoma hins opinbera

*Tekjuhalli hins opinbera nam 1,2% af landsframleiðslu 2008 án yfirtöku tapaðra krafna en 14,3% að þeim meðtöldum*

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 17,2 milljarða króna árið 2008, eða sem nemur 1,2% af landsframleiðslu og 2,7% af tekjum hins opinbera. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 5,4% af landsframleiðslu 2007 og 6,3% 2006. Tekjuafkoman hefur sveiflast verulega síðasta áratuginn eins og sjá má á mynd 2 og töflu 1. Að teknu tilliti til 192,2 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 209,3 milljarðar króna 2008 eða 14,3% af landsframleiðslu.

## Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans að sjálfsögðu miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2008 er áætlaður tekjuhalli ríkissjóðs 16,9 milljardar króna, eða 1,2% af landsframleiðslu, samanborið við 51,4 milljarða króna 2007, eða 3,9% af landsframleiðslu. Þessi viðsnuningur í tekjuafkomu ríkissjóðs milli ára skýrist fyrst og fremst af lækkun tekna af vöru- og þjónustusköttum, auknum framlögum til almannatrygginga og verulegri aukningu í fjárfestingu. Að teknu tilliti til yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum er tekjuafkoma hans 2008 neikvæð um 209 milljarða króna.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2000–2008

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Heildartekjur hins opinbera	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8	636,7
Heildarútgjöld hins opinbera	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1	653,9
Tekjuafkoma hins opinbera	11,6	-5,3	-20,8	-23,8	0,3	50,2	73,8	70,7	-17,2
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur hins opinbera	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	47,9	43,5
Heildarútgjöld hins opinbera	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,5	44,6
Tekjuafkoma hins opinbera	1,7	-0,7	-2,5	-2,8	0,0	4,9	6,3	5,4	-1,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,8	-0,5	-1,3	-1,8	1,0	4,4	5,3	3,9	-1,2
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-0,4	-0,6	-1,3	-0,8	-0,8	0,1	0,3	0,6	-0,6
Tekjuafkoma almannatrygg.	0,3	0,4	0,0	-0,3	-0,2	0,4	0,7	0,9	0,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.


Tekjuafkoma sveitarfélaga hefur einnig snúist til verri vegar, en á árinu 2008 nam tekjuhalli þeirra rúmlega 9 milljörðum króna eða 0,6% af landsframleiðslu og 4,7% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 8 milljarða króna árið 2007 eða 0,6% af landsframleiðslu. Þessi lakari afkoma skýrist meðal annars af verulegum endurgreiðslum á gatnagerðargjöldum og tekjum af sölu byggingarréttar, en í uppgjöri á fjármálum sveitarfélaga koma þessar endurgreiðslu að hluta til frádráttar tekjum ársins og að hluta sem fjármagnstilfærslur til húsbyggjenda. Þá er ljóst að verulega hefur dregið úr umfangi skatttekna sveitarfélaganna miðað við árin 2006 og 2007.

*Tekjur hins opinbera námu 43,5% af landsframleiðslu og lækkuðu verulega á þennan mælikvarða milli ára*

## Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu um 637 milljörðum króna árið 2008 og hækkuðu um 13 milljarða króna milli ára eða rúmlega 2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43,5% samanborið við 47,9% árið 2007 og hafa því lækkað umtalsvert á þennan mælikvarða. Tekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 34,9% af landsframleiðslu 2007 í 31,7% 2008 og tekjur sveitarfélaga úr 14,2% af landsframleiðslu í 13,1%. Tekjur almannatrygginga hækkuðu hins vegar um 0,6 prósentustig af landsframleiðslu milli ára og námu 8,5% árið 2008.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
<i>Hið opinbera</i>									
Ríkissjóður	225,6	241,1	252,8	268,0	306,9	363,6	412,8	454,6	464,9
Sveitarfélög	78,8	91,0	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	191,7
Almannatryggingar	48,8	53,4	59,9	67,3	74,0	81,2	90,8	103,3	124,3
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	47,9	43,5
Ríkissjóður	33,0	31,2	31,0	31,9	33,0	35,4	35,3	34,9	31,7
Sveitarfélög	11,5	11,8	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	14,2	13,1
Almannatryggingar	7,1	6,9	7,3	8,0	8,0	7,9	7,8	7,9	8,5

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 528 milljörðum króna 2008 eða 36,0% af landsframleiðslu*

Ef megintekjustofnar hins opinbera eru skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárfamlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 528 milljörðum króna árið 2008, eða 82,9% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þeir tekjustofnar lækkað umtalsvert milli ára, en árið 2008 mælast þeir 36,0% af landsframleiðslu samanborið við 40,7% 2007. Aðrar tekjur, eins og eignatekjur og sala á vöru og þjónustu, hafa skilað hinu opinbera tekjum á bilinu 6–7% af landsframleiðslu undanfarin ár, en þær aukast allnokkuð á árinu 2008, aðallega vegna aukinna vaxtatekna, og mælast um 7,4% af landsframleiðslu 2008, eða 107,8 milljarðar króna.


**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Heildartekjur	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8	636,7
Skatttekjur	234,1	250,7	264,3	282,4	323,3	383,7	445,4	489,4	485,3
Tryggingagjöld	19,7	21,9	23,4	26,1	28,4	32,8	38,4	40,7	42,6
Fjárfamlög	0,7	0,9	0,7	1,0	1,3	1,2	1,4	1,1	1,0
Aðrar tekjur	43,4	50,0	52,1	50,5	56,6	65,9	75,2	92,6	107,8
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur	43,56	41,91	41,70	42,79	44,08	47,12	47,98	47,93	43,46
Skatttekjur	34,24	32,48	32,37	33,57	34,80	37,39	38,13	37,61	33,13
Tryggingagjöld	2,88	2,84	2,87	3,10	3,05	3,19	3,29	3,13	2,91
Fjárfamlög	0,10	0,12	0,09	0,12	0,14	0,11	0,12	0,09	0,07
Aðrar tekjur	6,34	6,48	6,38	6,01	6,09	6,42	6,44	7,11	7,36

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Við nánari skoðun á skatttekjum og tryggingagjöldum (sjá töflur 4 og 14) sést að tekjuskattar skila hinu opinbera 261 milljarði króna árið 2008 eða um helming þeirra tekna, sem svarar til 17,8% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu riflega 183 milljörðum króna, eða 34,7% þessara tekna, eða um 12,5% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn um 127 milljarða króna, eða 8,7% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP*



Eignaskattar skiluðu hinu opinbera 32,3 milljörðum króna árið 2008, eða 2,2% af landsframleiðslu. Fasteignaskattar vega þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera 24,4 milljörðum króna það ár samanborið við 20,6 milljarða árið 2007.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 5,7 milljörðum króna á árinu 2008, eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 107,8 milljarðar króna á árinu 2008 og hækkuðu um 15,2 milljarða króna milli ára. Eignatekjur voru 57,7 milljarðar króna og sala á vöru og þjónustu 44,5 milljarðar króna.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2000–2008**

Slutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Skatttekjur og tryggingagjöld	37,1	35,3	35,2	36,7	37,9	40,6	41,4	40,7	36,0
Skattar á tekjur og hagnað	14,8	15,3	15,3	16,0	16,1	17,6	18,3	18,5	17,8
Skattar á launagreiðslur	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Eignaskattar	2,8	2,7	2,5	2,2	2,4	2,6	2,1	2,4	2,2
Skattar á vörðu og þjónustu	16,0	13,9	14,1	14,8	15,7	16,7	17,2	16,1	12,5
Skattar á alþjóðaviðskipti	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,2
Tryggingagjöld	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3	3,1	2,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Tekjuskattar alls	89,8	101,5	118,3	124,8	134,6	149,7	180,2	213,6	241,4
Tekjuskattar einstaklinga	78,0	88,5	104,8	111,4	117,0	128,8	145,4	163,3	180,1
Tekjuskattur lögaðila	8,0	8,4	8,0	7,2	10,4	9,6	20,3	28,1	32,6
Fjármagnstekjuskattur	3,9	4,6	5,5	6,2	7,1	11,4	14,5	22,3	28,8
<i>Slutfall af VLF</i>									
Tekjuskattar alls	14,20	14,84	15,33	15,28	15,99	16,12	17,56	18,29	18,55
Tekjuskattar einstaklinga	12,33	12,94	13,58	13,64	13,90	13,86	14,17	13,98	13,84
Tekjuskattur lögaðila	1,26	1,22	1,04	0,89	1,24	1,03	1,98	2,40	2,50
Fjármagnstekjuskattur	0,61	0,68	0,71	0,76	0,85	1,22	1,41	1,91	2,21

## Útgjöld hins opinbera

*Útgjöld hins opinbera hækkuðu úr 42,5% af landsframleiðslu árið 2008 í 44,6% árið 2007*

Útgjöld hins opinbera reyndust um 654 milljarðar króna árið 2008 og hækkuðu því um 101 milljarð króna milli ára, eða úr 42,5% af landsframleiðslu 2007 í 44,6% 2008. Aukningin skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum ríkissjóðs en þau jukust um 76,6 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum og mældust 32,9% af landsframleiðslu 2008 samanborið við 31,0% árið 2007. Í þeirri aukningu vegur þungt mikill vöxtur í framlögum til almannatrygginga, vaxtagjöldum og kaupum á vörðu og þjónustu. Áætlað er að útgjöld sveitarfélaga aukist um 23,5 milljarða króna milli ára og vega samneysluútgjöld þar þyngst, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt en þau jukust um 5,8 milljarða króna milli ára. Inn í heildarútgjöld hins opinbera hefur ekki verið reiknuð 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans en að teknu tilliti til þeirra nema heildarútgjöld hins opinbera 846 milljörðum króna eða 57,7% af landsframleiðslu.

Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup á vörðu og þjónustu að frádrégninni sölu á vörðu og þjónustu, námu 360 milljörðum króna árið 2008, eða sem svarar 24,6% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um riflega 43 milljarða króna milli ára og sem hlutfall af landsframleiðslu um 0,2 prósentustig. Launaútgjöldin námu 216,7 milljörðum króna, kaup á vörðu og þjónustu 160,7 milljörðum króna og afskriftir 27,1 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vörðu og þjónustu að fjárhæð 44,5 milljarðar króna.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust verulega árið 2008, eins og sést á mynd 5, en þau námu 66 milljörðum króna og jukust um riflega 11 milljarða króna milli ára og urðu 4,5% af landsframleiðslu. Mest er aukningin í fjárfestingu ríkissjóðs, en


hún jókst um 11 milljarða króna og nam ríflega 33 milljörðum króna 2008 samkvæmt bráðabirgðatölum. Fjárfesting sveitarfélaga er hins vegar nánast óbreytt í krónum talið milli ára eða 32,7 milljarðar króna.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Hið opinbera	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1	653,9
Ríkissjóður	213,5	244,7	263,1	283,3	297,6	318,0	350,9	403,2	481,9
Sveitarfélög	81,7	95,8	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3	200,8
Almannatryggingar	46,4	50,3	59,8	69,4	75,9	77,6	82,7	92,0	115,5
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,5	44,6
Ríkissjóður	31,2	31,7	32,2	33,7	32,0	31,0	30,0	31,0	32,9
Sveitarfélög	12,0	12,4	13,1	12,9	12,9	12,6	13,5	13,6	13,7
Almannatryggingar	6,8	6,5	7,3	8,2	8,2	7,6	7,1	7,1	7,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframmlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 164 milljörðum króna árið 2008, eða 11,2% af landsframleiðslu. Hækkuðu þau um 35 milljarða króna milli ára, eða 1,3% í hlutfalli við landsframleiðslu. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem numu 96,6 milljörðum króna árið 2008, hækkuðu um rúmlega 21 milljarð króna milli ára, eða um 0,8% af landsframleiðslu.

*Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín um 25 % af landsframleiðslu 2007*

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, löggæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Í töflu 20 eru meginmálaflokkar opinberra útgjalda á árunum 2000–2007 sýndir sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er unnt að sýna þessa ýtarlegu flokkun (COFOG-flokkun) fyrir árið 2008 því að sundurliðuð uppgjör ríkissjóðs og sveitarfélaga liggja ekki fyrir nú. Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála eru þó metin út frá þeim bráðabirgðatölum sem liggja fyrir.


**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2000–2008**

Slutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld	41,9	42,6	44,3	45,6	44,1	42,2	41,7	42,5	44,6
Laun	14,6	14,7	15,7	16,3	15,7	15,6	15,3	14,9	14,8
Kaup á vörum og þjónustu	10,3	10,3	11,2	11,3	11,1	10,7	10,6	10,9	11,0
Vaxtagjöld	3,4	3,4	3,0	2,7	2,4	2,2	2,2	2,6	3,2
Framleiðslustyrkir	1,8	1,8	1,8	1,9	1,8	2,0	1,7	1,8	1,8
Félagslegar tilfærslur til heimila	5,6	5,6	6,3	7,1	6,8	6,2	5,7	5,8	6,6
Önnur tilfærsluútgjöld	2,1	2,3	2,3	2,5	2,2	2,3	2,1	2,2	2,6
Fjárfesting	4,1	4,5	3,9	3,6	3,9	3,1	3,9	4,2	4,5

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Til heilbrigðis-, fræðslu-, almannatrygginga og velferðarmála var ráðstafa 359 milljörðum króna árið 2008 eða 24,5% af landsframleiðslu og 58,9% af hreinum útgjöldum hins opinbera. Hrein opinber útgjöld til heilbrigðismála námu 114 milljörðum króna, til fræðslumála rúmlega 109 milljörðum króna og til almannatryggingar og velferðarmál 136 milljörðum króna. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis- og fræðslumála í köflunum hér á eftir.<sup>1</sup>

**Mynd 6. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 6. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP*



## Heilbrigðismál

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,8% af landsframleiðslu 2008*

Hrein útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 114 milljarðar króna 2008, eða 7,8% af landsframleiðslu, og jukust um 10,7 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu þau um riflega 0,2 prósentustig, en á árunum 2005–2007 mældist það hlutfall um það bil 7,6%.<sup>2</sup> Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysslúútgjöld, þ.e. laun og kaup á vörum og þjónustu, en þau nema um 96,5% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2008 fara um 18,3% til heilbrigðismála.

<sup>1</sup> Varðandi umfjöllun um aðra málaflokka fyrir árið 2007 og eldri ár er vísað til 56. tölublaðs 93. árgangs Hagtíðinda frá 18. september 2008.

<sup>2</sup> Hafa ber í huga að vöxtur landsframleiðslunnar á árinu 2008 er einungis 0,3%

**Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,81	0,75	0,81	0,87	0,85	0,74	0,72	0,70	0,80
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,35	1,36	1,42	1,52	1,51	1,42	1,41	1,41	1,47
3. Sjúkrahúsaþjónusta	5,29	5,23	5,79	5,79	5,43	5,25	5,13	5,18	5,26
4. Forvarnir og alm. heilbrigðispj.	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál ót.a.s.	0,20	0,18	0,25	0,25	0,20	0,21	0,17	0,19	0,20
Opinber heilbrigðisútgjöld alls <sup>2</sup>	7,70	7,56	8,31	8,48	8,04	7,68	7,48	7,54	7,78

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.<sup>2</sup> Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8, en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 23 í töfluviðauka. Árið 2008 var ráðstafað um 5,26% af landsframleiðslu til sjúkrahúsaþjónustu, eða 77 milljörðum króna, og var hækjunin milli ára 9,7 milljarðar króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 71,2% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 27,0%. Til heilsugæslu (þjónustu við ferlisjúklinga) runnu um 21,5 milljarðar króna 2008, eða um 1,5% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var 3,1 milljarður króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 11,7 milljarðar króna, en það nemur um 10,3% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða 0,8% af landsframleiðslu.

Í töflu 23 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 357 þúsund krónur á mann 2008, en sex árin þar á undan höfðu þau verið svipuð á föstu verði eða á bilinu 340–350 þúsund krónur. Þar af er kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 172 þúsund krónur á mann 2008, vegna heilsugæslu 67,4 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar rúmlega 65 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 36,6 þúsund krónur á mann.

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2008**

	Hlutfall heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila í fjármögnum af heild	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði <sup>1</sup> á mann
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,6
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,3	114,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,7	115,2
2004	8,04	1,86	9,90	18,8	122,6	114,7
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	123,6	114,4
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	126,3	113,6
2007	7,54	1,60	9,14	17,5	132,9	116,8
2008 bráðab.t.	7,78	1,60	9,38	17,1	142,1	121,9

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvart með verðvísitölu samneyslunnar.

137,5 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2008, eða um 9,4% af landsframleiðslu

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2008, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2008 nam heilbrigðiskostnaður um 9,4% af landsframleiðslu, en það samsvarar 137,5 milljörðum króna. Hæst urðu heilbrigðis-

útgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 17,1% útgjaldanna 2008 voru fjármögnuð af heimilunum, en það hlutfall hefur lækkað nokkuð á síðustu árum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærrí 42,1% síðustu tíu árin og um 21,9% á mann.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007 námu 109,2 milljörðum króna, eða um 7,5% af landsframleiðslu*

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 109,2 milljörðum króna á árinu 2008, eða um 7,45% af landsframleiðslu (sjá töflu 10). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 13 milljarða króna milli ára. Um helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða 53,3 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára 5,8 milljörðum króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 20,7 milljarðar króna, eða 1,41% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 2,5 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð, eða 19,2 milljarða króna, og hækkuðu útgjöldin um 2,4 milljarða króna milli ára. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 10 milljörðum króna 2008 og hækkuðu um 1,3 milljarða króna milli ára. Afgangurinn, 5,4% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunar-kostnað.

**Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
1. Leikskólastig	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,67	0,69
2. Grunnskólastig	3,45	3,43	3,97	3,79	3,74	3,82	3,76	3,51	3,63
3. Framhaldsskólastig	1,18	1,40	1,41	1,45	1,45	1,38	1,38	1,29	1,31
4. Háskólastig	1,21	1,24	1,38	1,40	1,39	1,45	1,36	1,40	1,41
5. Önnur skólastig og stoðþj.	0,19	0,20	0,21	0,20	0,19	0,19	0,17	0,20	0,21
6. Önnur fræðslumál	0,17	0,18	0,18	0,20	0,24	0,24	0,24	0,19	0,19
Opinber fræðsluútgjöld alls <sup>1</sup>	6,67	6,97	7,63	7,55	7,48	7,59	7,55	7,40	7,45

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

**Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2008**

	Hlutfall fræðsluútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila í fjármögnun af heild	Fræðsluútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Fræðsluútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,63	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,9	115,4
2004	7,48	0,85	8,33	10,2	127,8	119,6
2005	7,59	0,84	8,43	9,9	136,1	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,40	0,79	8,18	9,5	145,1	127,6
2008 brt.	7,45	0,79	8,16	8,7	151,5	129,9

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvart með verðvísitölu samneyslunnar.

Í töflu 24 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru um 342 þúsund krónur á mann árið 2008. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla tæplega 167 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla 60 þúsund krónur og vegna háskólastigs um 65 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingaráutgjöld vega einnig þungt. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánaþjóðs íslenskra námsmanna, voru um 6–7% útgjaldanna.

*Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,2% af landsframleiðslu, eða um 120 milljörðum króna*

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtoldum eru heildarútgjöld til fræðslumála 8,2% af landsframleiðslu árið 2008, en það samsvarar um 119,6 milljörðum króna. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Um 8,7% útgjaldanna eru fjármögnum af heimilunum og hefur sú hlutdeild farið lækkandi undanfarin ár. Fræðsluútgjöldin á föstu verði<sup>1</sup> hafa vaxið jafnt og þétt frá 1998 og er vöxturinn 51,5% eða 30% á mann.

## Almannatryggingar og velferðarmál

*Hið opinbera ráðstafaði 136 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2008, eða 9,3% af landsframleiðslu*

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

**Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
1. Sjúkdómar	0,10	0,09	0,08	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05
2. Örorka og fötlun	1,64	1,86	1,76	1,83	2,16	2,23	2,17	2,12	2,17
3. Öldrun	2,48	2,41	2,32	2,38	2,59	2,57	2,66	2,21	2,24
4. Eftirlifendur	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn	1,76	1,76	2,12	2,44	2,70	2,62	2,46	2,50	2,59
6. Atvinnuleysi	0,33	0,25	0,26	0,42	0,55	0,52	0,36	0,25	0,24
7. Húsnæðisaðstöð	0,73	0,74	0,72	0,85	0,93	0,83	0,75	0,64	0,61
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s.	0,21	0,21	0,23	0,21	0,24	0,23	0,19	0,17	0,28
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s.	0,32	0,34	0,35	0,42	0,44	0,35	0,37	0,32	0,36
Alm.trygg. og velf.mál alls	7,62	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30	8,56

*Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála námu sem svarar 425 þúsund krónum á mann 2008*

Lausleg áætlun gerir ráð fyrir að hið opinbera hafi ráðstafað 136 milljörðum króna til þessa málaflokks 2008, eða 9,3% af landsframleiðslu, og nam hækjunin milli ára 24,5 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu er hækjunin um 0,7 prósentustig. Í töflu 26 eru frekari upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála, en þar sem ekki liggur fyrir ýtarleg sundurgreining á útgjöldum almannatrygginga nú er ekki unnt að flokka útgjöld ársins 2008 með ofangreindum hætti. Umfjöllun um árið 2007 og eldri ár má finna í 56. tölublaði 93. árgangs Hagtiðinda frá 18. september 2008.

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld eru staðvirk með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

*Peningalegar eignir hins opinbera jukust um 353 milljarða króna á árinu 2008 og námu 1.065 milljörðum króna í árslok*

Peningalegar eignir hins opinbera námu um 1.065 milljörðum króna í lok árs 2008, eða sem nemur 72,6% af landsframleiðslu. Þær hækkuðu verulega á árinu, eða um 353 milljarða króna, og munaði þar mestu um 270 milljarða króna aukna lánveitingu til Seðlabanka Íslands. Lánveitingar námu riflega 495 milljörðum króna í árslok 2008. Sjóður og bankainnistanstæður hækkuðu um 75 milljarða króna á árinu og námu 208 milljörðum króna í árslok. Viðskiptakröfur voru 140 milljarðar í árslok og lækkuðu um rúmlega 15 milljarða króna frá fyrra ári (sjá töflu 22 í töfluveðauka).

**Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2000–2008**


Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
Peningalegar eignir	35,4	45,7	43,5	40,3	36,8	39,0	49,5	54,6	72,6
Skuldir	72,9	75,0	72,0	71,0	64,5	52,6	57,5	53,8	93,2
Verðbréf	10,2	10,6	10,6	11,9	11,5	10,4	9,7	9,6	21,4
Lántökur	28,3	33,3	30,2	27,7	22,7	14,9	20,3	19,1	49,1
Innlendar lántökur	5,5	4,7	4,6	4,8	4,8	4,5	3,6	5,7	25,0
Erlendar lántökur	22,8	28,6	25,7	22,9	17,9	10,4	16,8	13,4	24,1
Lífeyrisskuldbindingar	28,5	25,6	26,8	27,0	25,7	23,8	23,4	20,6	18,5
Viðskiptaskuldir	5,9	5,4	4,4	4,4	4,6	3,5	4,1	4,5	4,1
Hrein peningaleg eign	-37,5	-29,2	-28,5	-30,7	-27,7	-13,6	-7,9	0,8	-20,5

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

*Heildarskuldir hins opinbera voru 1.366 milljarðar króna 2008*

Heildarskuldir hins opinbera námu um 1.366 milljörðum króna í árslok 2008, eða 93,2% af landsframleiðslu, og hækkuðu um 665 milljarða króna á árinu en þær voru 53,8% af landsframleiðslu 2007. Erlendar lántökur hækkuðu um 179 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 353 milljörðum króna, eða 24,1% af landsframleiðslu. Innendar lántökur námu 367 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 293 milljarða króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera hækkaði verðbréfaskuld þess um riflega 188 milljarða króna á árinu og nam um 314 milljörðum króna í árslok. Þá jukust viðskiptaskuldir hins opinbera samkvæmt lauslegu mati um 1,5 milljarða og voru í árslok 60,5 milljarðar króna.

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**  
*Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP*



Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 301 milljarða króna í árslok 2008, eða sem svarar 20,5% af landsframleiðslu. Staðan versnaði um rúmlega 312 milljarð króna milli ára eða um 21,4% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 2004 til að finna lakkari eignastöðu en á því ári var hrein peningaleg eign hins opinbera neikvæð um 27,2% af landsframleiðslu. Í árslok 2008 var hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga neikvæð um 14,7% af landsframleiðslu, en hún var jákvæð 2,2% af landsframleiðslu 2007 en aftur neikvæð um 26,9% árið 2003. Hér er því um verulega umskipti að ræða á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða sveitarfélaga var neikvæð um 4% af landsframleiðslu árið 2003 en lagaðist allnokkuð 2007 og var í árslok 2007 neikvæð um 1,4% af landsframleiðslu, en var í árslok 2008 neikvæð um 5,8% af landsframleiðslu samkvæmt áætlun.

### **Frekari upplýsingar**

Í heftinu hefur megináhersla hefur verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, [www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera](http://www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera).

## English summary

In 2008, the financial balance of the general government was 17.2 billion ISK in deficit or 1.2% of GDP, which can be compared with a surplus of 5.4% of GDP for 2007 and 6.3% for 2006 (see figure 2). The total revenue increased by 2.1% from 2007 and the total tax revenue decreased slightly at the same time as the total expenditure increased by 18.2%. By including the central government debt assumption of 192.2 billion ISK in 2008, the financial balance deficit increases to 209.3 billion ISK or 14.3% of GDP.

The general government total revenue amounted to 43.5% of GDP in 2008, compared with 47.9% in 2007 and 48.0% in 2006. The revenue had increased considerably since 2002, when it was measured as 41.7% of GDP. The general government total expenditure amounted to 44.6% of GDP in 2008 compared with 42.5% in 2007 and 41.7% in 2006. The total expenditure had its highest value as percentage of GDP in 2003 reaching 45.6%.

In 2008, the total expenditure on health was 9.4% of GDP, of which 82.9% was financed by the general government and the rest by households. The total expenditure on education was 119.6 billion ISK or 8.2% of GDP, of which 89.6% was financed by the general government, and the total general government expenditure on social protection in 2008 was 136 billion ISK or 9.3% of GDP. About 18.7% of general government total expenditure goes to health affairs, 18.0% to education and 20.8% to social protection.

The general government net financial asset, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 301 billion ISK in 2008 or 20.5% of GDP. The deterioration from 2007 is 312 billion ISK or 21.4% of GDP. The general government total financial asset amounted to 1.065 billion ISK in the end of 2008 and the total liabilities 1.366 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English and an English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 28.

**Tafla 14. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2000–2008**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>297.838</b>	<b>323.504</b>	<b>340.492</b>	<b>360.028</b>	<b>409.478</b>	<b>483.564</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>636.749</b>
11 Skatttekjur	<b>234.125</b>	<b>250.704</b>	<b>264.270</b>	<b>282.405</b>	<b>323.275</b>	<b>383.694</b>	<b>445.445</b>	<b>489.413</b>	<b>485.342</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	101.488	118.316	124.759	134.551	149.749	180.170	213.633	241.378	261.132
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	184	212	226	490	516	324	390	429	449
113 Eignarskattar	19.218	20.791	20.333	18.894	22.723	26.405	24.660	30.860	32.308
114 Skattar á vöru og þjónustu	109.543	107.226	115.074	124.425	145.728	171.659	200.561	209.542	183.342
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446	5.693
116 Aðrir skattar	991	1.137	1.403	1.366	1.474	1.597	1.579	1.758	2.417
12 Tryggingagjöld	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.684</b>	<b>42.633</b>
13 Fjárfamlög	<b>655</b>	<b>891</b>	<b>706</b>	<b>1.033</b>	<b>1.286</b>	<b>1.157</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>	<b>1.006</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	26	32	38	40	38	40	26	—	—
132 Frá alþjóðastofnunum	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.112	1.006
133 Frá opinberum aðilum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
14 Aðrar tekjur	<b>43.378</b>	<b>50.000</b>	<b>52.119</b>	<b>50.537</b>	<b>56.553</b>	<b>65.936</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>	<b>107.769</b>
141 Eignatekjur	18.102	21.704	21.608	17.861	19.690	26.171	33.412	46.094	57.661
142 Sala á vöru og þjónustu	22.983	25.562	27.263	29.139	32.380	35.921	37.605	41.029	44.504
143 Sektir og skaðabætur	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.757	2.742
144 Frjáls fjárfamlög	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.506	1.431
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	471	417	702	1.243	835	1.225	1.048	1.190	1.430
<b>Heildargjöld (2+31)<sup>2</sup></b>	<b>286.260</b>	<b>328.801</b>	<b>361.313</b>	<b>383.782</b>	<b>409.198</b>	<b>433.346</b>	<b>486.616</b>	<b>553.094</b>	<b>653.911</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>271.866</b>	<b>308.898</b>	<b>344.476</b>	<b>369.341</b>	<b>390.413</b>	<b>420.206</b>	<b>461.874</b>	<b>521.178</b>	<b>615.029</b>
21 Laun	99.488	113.319	127.842	136.890	145.491	160.385	178.791	193.583	216.685
22 Kaup á vöru og þjónustu	70.161	79.552	91.316	95.335	102.694	109.472	123.363	141.446	160.742
23 Afskriftir	13.487	14.519	15.193	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829	27.096
24 Vaxtagjöld	23.033	25.864	24.360	23.074	22.571	22.567	25.201	33.942	46.407
25 Framleiðslustyrkir	12.142	13.978	14.875	15.956	16.991	20.719	20.257	23.316	26.437
26 Fjárfamlög	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366	2.507
261 Til erlendra stjórvalda	—	—	—	—	—	—	—	—	—
262 Til alþjóðastofnana	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366	2.507
263 Til opinberra aðila	—	—	—	—	—	—	—	—	—
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	38.282	42.870	51.175	60.068	63.488	63.645	66.650	75.378	96.592
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög <sup>2</sup>	14.363	17.666	18.526	21.005	20.773	23.475	24.694	28.319	38.562
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>14.393</b>	<b>19.903</b>	<b>16.837</b>	<b>14.441</b>	<b>18.786</b>	<b>13.140</b>	<b>24.742</b>	<b>31.915</b>	<b>38.883</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	27.880	34.422	32.030	30.485	35.943	31.821	45.564	54.744	65.979
23 Afskriftir	-13.487	-14.519	-15.193	-16.044	-17.157	-18.681	-20.822	-22.829	-27.096
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>11.578</b>	<b>-5.297</b>	<b>-20.821</b>	<b>-23.755</b>	<b>280</b>	<b>50.218</b>	<b>73.837</b>	<b>70.692</b>	<b>-17.162</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>11.302</b>	<b>53.115</b>	<b>9.640</b>	<b>-10.936</b>	<b>17.955</b>	<b>6.373</b>	<b>163.574</b>	<b>92.341</b>	—
3212 Sjóður og bankareikningar	1.149	3.154	-905	1.904	7.701	31.014	42.375	27.443	—
3213 Verðbréf	-145	-147	-58	-43	-31	-36	-8	-5	—
3214 Veitt lán	-3.689	13.300	-9.792	-6.305	-26.171	17.046	85.745	12.605	—
3215 Hlutafé	3.441	11.591	-12.074	-14.614	1.504	-66.522	17.001	31.391	—
3218 Viðskiptakröfur	10.547	25.217	32.468	8.121	34.951	24.871	18.461	20.906	—
<b>33 Skuldir, hreyfingar</b>	<b>-276</b>	<b>58.412</b>	<b>30.461</b>	<b>12.819</b>	<b>17.675</b>	<b>-43.845</b>	<b>89.737</b>	<b>21.649</b>	—
3313 Verðbréf	-14.874	7.928	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	11.622	—
33x4 Lántökur	7.597	40.047	19.702	-11.397	-6.075	-50.210	61.739	17.900	—
3314 Innleendar lántökur	-1.412	2.116	525	3.443	3.384	139	-852	28.371	—
3324 Erlendar lántökur	9.009	37.931	19.177	-14.840	-9.459	-50.349	62.591	-10.471	—
3316 Lífeyrisskuldbindingar	4.494	4.892	5.702	5.661	5.380	5.507	5.545	-25.692	—
3318 Viðskiptaskuldir	2.507	5.545	1.678	5.580	13.033	2.400	17.495	17.819	—

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. <sup>2</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Ísland 2008 er ekki meðtalin.

**Tafla 15. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 2000–2008**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>225.621</b>	<b>241.116</b>	<b>252.775</b>	<b>268.032</b>	<b>306.851</b>	<b>363.568</b>	<b>412.839</b>	<b>454.588</b>	<b>464.935</b>
11 Skatttekjur	<b>174.681</b>	<b>182.631</b>	<b>192.973</b>	<b>207.585</b>	<b>240.338</b>	<b>288.301</b>	<b>327.982</b>	<b>356.270</b>	<b>353.337</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	55.509	64.154	66.518	73.428	83.548	105.705	128.105	143.376	155.911
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	184	212	226	490	516	324	390	429	449
113 Eignarskattar	9.111	9.924	10.232	7.931	10.660	12.474	7.803	10.292	7.936
114 Skattar á vöru og þjónustu	106.203	104.297	112.300	121.779	141.158	164.756	185.554	195.014	180.981
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446	5.693
116 Aðrir skattar	973	1.023	1.221	1.276	1.369	1.504	1.508	1.713	2.368
12 Tryggingagjöld	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.684</b>	<b>42.633</b>
13 Fjárfamlög	<b>1.153</b>	<b>1.369</b>	<b>1.266</b>	<b>1.515</b>	<b>1.748</b>	<b>1.665</b>	<b>2.086</b>	<b>1.830</b>	<b>1.818</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	26	32	38	40	38	40	26	—	0
132 Frá alþjóðastofnunum	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.112	1.006
133 Frá opinberum aðilum	498	478	560	482	462	508	700	718	812
14 Aðrar tekjur	<b>30.108</b>	<b>35.207</b>	<b>35.139</b>	<b>32.879</b>	<b>36.401</b>	<b>40.826</b>	<b>44.357</b>	<b>55.804</b>	<b>67.147</b>
141 Eignatekjur	14.136	16.597	14.982	11.857	12.401	16.308	18.118	28.053	38.282
142 Sala á vöru og þjónustu	13.680	15.876	17.243	17.969	19.949	21.546	22.809	23.184	24.343
143 Sektir og skaðabætur	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.757	2.742
144 Frjáls fjárfamlög	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.506	1.431
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	471	417	368	761	402	352	287	304	349
<b>Heildargjöld (2+31)<sup>2</sup></b>	<b>213.546</b>	<b>244.715</b>	<b>263.109</b>	<b>283.278</b>	<b>297.591</b>	<b>317.986</b>	<b>350.866</b>	<b>403.199</b>	<b>481.851</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>208.977</b>	<b>239.687</b>	<b>259.578</b>	<b>277.357</b>	<b>293.649</b>	<b>318.385</b>	<b>350.458</b>	<b>397.453</b>	<b>468.387</b>
21 Laun	56.654	64.835	73.654	79.258	82.702	89.315	98.253	105.997	118.404
22 Kaup á vöru og þjónustu	36.897	43.140	47.409	48.746	53.356	57.723	63.766	71.809	80.828
23 Afskriftir	9.779	10.385	11.143	11.741	12.553	13.615	15.142	16.656	19.855
24 Vaxtagjöld	18.823	21.703	19.965	18.104	18.501	18.344	20.242	27.860	39.414
25 Framleiðslustyrkir	10.298	12.103	13.013	13.888	14.737	18.109	17.211	19.691	22.425
26 Fjárfamlög	55.757	62.618	68.965	77.641	84.807	92.544	105.614	120.935	145.912
262 Til alþjóðastofnana	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366	2.507
263 Til almannatrygginga	48.240	52.683	59.185	66.664	73.310	80.299	89.483	101.249	122.224
263 Til sveitarfélaga	6.609	8.805	8.592	10.008	10.249	10.984	14.036	17.320	21.181
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	8.111	9.366	9.982	11.231	11.053	10.974	12.167	13.937	16.550
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög <sup>2</sup>	12.658	15.536	15.446	16.747	15.940	17.761	18.062	20.568	25.000
<b>31 Fastafjártútgjöld</b>	<b>4.569</b>	<b>5.028</b>	<b>3.532</b>	<b>5.921</b>	<b>3.942</b>	<b>-399</b>	<b>408</b>	<b>5.746</b>	<b>13.464</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	14.930	16.097	15.960	18.639	17.876	14.583	17.726	24.307	36.234
311 Sala efnislegra eigna (-)	-582	-684	-1.286	-977	-1.381	-1.367	-2.175	-1.905	-2.915
23 Afskriftir	-9.779	-10.385	-11.143	-11.741	-12.553	-13.615	-15.142	-16.656	-19.855
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>12.075</b>	<b>-3.599</b>	<b>-10.334</b>	<b>-15.246</b>	<b>9.260</b>	<b>45.582</b>	<b>61.973</b>	<b>51.389</b>	<b>-16.916</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>6.894</b>	<b>47.554</b>	<b>6.337</b>	<b>-12.115</b>	<b>13.101</b>	<b>-1.333</b>	<b>149.877</b>	<b>89.661</b>	—
3212 Sjóður og bankareikningar	1.294	1.388	-1.178	505	7.317	26.990	39.498	12.151	—
3214 Veitt lán	-3.293	12.614	-11.309	-5.729	-26.156	18.275	90.318	5.973	—
3215 Hlutafé	3.166	10.822	-11.031	-15.346	713	-68.717	14.492	68.624	—
3218 Viðskiptakröfur	5.727	22.730	29.855	8.455	31.227	22.119	5.569	2.913	—
<b>33 Skuldir, hreyfingar</b>	<b>-5.181</b>	<b>51.153</b>	<b>16.671</b>	<b>3.131</b>	<b>3.841</b>	<b>-46.915</b>	<b>87.904</b>	<b>38.272</b>	—
3313 Verðbréf	-14.874	7.928	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	11.622	—
33x4 Lántökur	6.693	33.714	10.088	-15.871	-8.944	-48.108	66.345	14.378	—
3314 Innlendar lántökur	-1.524	-220	-419	122	-131	-417	-184	25.404	—
3324 Erlendar lántökur	8.217	33.934	10.507	-15.993	-8.813	-47.691	66.529	-11.026	—
3316 Lífeyrisskuldbindingar	3.363	3.595	3.926	3.984	3.736	3.842	3.863	3.467	—
3318 Viðskiptaskuldir	-362	5.916	-721	2.043	3.713	-1.107	12.737	8.805	—

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. <sup>2</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Ísland 2008 er ekki meðtalin.

**Tafla 16. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árin 2000–2008**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>78.828</b>	<b>90.951</b>	<b>96.134</b>	<b>101.929</b>	<b>112.754</b>	<b>130.681</b>	<b>161.176</b>	<b>185.263</b>	<b>191.726</b>
11 Skatttekjur	<b>59.445</b>	<b>68.073</b>	<b>71.296</b>	<b>74.821</b>	<b>82.937</b>	<b>95.393</b>	<b>117.463</b>	<b>133.143</b>	<b>132.004</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	45.979	54.162	58.240	61.123	66.200	74.465	85.528	98.003	105.221
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	—	—	—	—	—	—	—	—	—
113 Eignarskattar	10.107	10.868	10.101	10.963	12.063	13.931	16.857	20.567	24.372
114 Skattar á vöru og þjónustu	3.340	2.929	2.774	2.645	4.570	6.904	15.007	14.528	2.362
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	—	—	—	—	—	—	—	—	—
116 Aðrir skattar	18	114	181	89	104	93	71	45	50
12 Tryggingagjöld	—	—	—	—	—	—	—	—	—
13 Fjárfamlög	<b>6.630</b>	<b>8.820</b>	<b>8.608</b>	<b>10.084</b>	<b>10.376</b>	<b>11.116</b>	<b>14.140</b>	<b>17.406</b>	<b>21.181</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
132 Frá alþjóðastofnunum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
133 Frá opinberum aðilum	6.630	8.820	8.608	10.084	10.376	11.116	14.140	17.406	21.181
14 Aðrar tekjur	<b>12.753</b>	<b>14.058</b>	<b>16.229</b>	<b>17.024</b>	<b>19.441</b>	<b>24.172</b>	<b>29.572</b>	<b>34.714</b>	<b>38.541</b>
141 Eignatekjur	3.519	4.455	6.012	5.610	6.854	9.239	14.303	16.512	17.804
142 Sala á vöru og þjónustu	9.234	9.603	9.884	10.931	12.154	14.059	14.508	17.316	19.656
143 Sektir og skaðabætur	—	—	—	—	—	—	—	—	—
144 Frjáls fjárfamlög	—	—	—	—	—	—	—	—	—
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	—	—	334	482	433	873	761	886	1.082
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>81.716</b>	<b>95.784</b>	<b>106.802</b>	<b>108.318</b>	<b>119.887</b>	<b>129.653</b>	<b>157.407</b>	<b>177.284</b>	<b>200.797</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>71.923</b>	<b>80.943</b>	<b>93.620</b>	<b>99.879</b>	<b>105.156</b>	<b>116.262</b>	<b>133.118</b>	<b>151.184</b>	<b>175.379</b>
21 Laun	37.112	42.705	46.530	49.652	52.645	60.039	68.103	74.129	83.145
22 Kaup á vöru og þjónustu	20.730	22.942	28.872	30.223	31.268	33.381	39.420	47.688	53.964
23 Afskriftir	3.708	4.134	4.050	4.303	4.604	5.066	5.680	6.173	7.241
24 Vaxtagjöld	4.028	4.153	4.391	4.205	4.065	4.215	4.951	6.068	6.978
25 Framleiðslustyrkir	1.845	1.695	1.697	1.943	2.153	2.465	2.882	3.380	3.763
26 Fjárfamlög	498	478	560	482	462	508	700	718	732
261 Til erlendra stjórnvalda	—	—	—	—	—	—	—	—	—
262 Til alþjóðastofnana	—	—	—	—	—	—	—	—	—
263 Til opinberra aðila	498	478	560	482	462	508	700	718	732
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	2.349	2.779	4.509	5.041	5.358	5.125	5.038	5.624	6.345
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	1.653	2.056	3.013	4.029	4.601	5.463	6.345	7.404	13.212
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>9.793</b>	<b>14.841</b>	<b>13.182</b>	<b>8.439</b>	<b>14.731</b>	<b>13.392</b>	<b>24.289</b>	<b>26.100</b>	<b>25.418</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	13.501	18.975	17.232	12.742	19.335	18.458	29.969	32.273	32.659
23 Afskriftir	-3.708	-4.134	-4.050	-4.303	-4.604	-5.066	-5.680	-6.173	-7.241
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>-2.888</b>	<b>-4.833</b>	<b>-10.668</b>	<b>-6.389</b>	<b>-7.133</b>	<b>1.028</b>	<b>3.769</b>	<b>7.979</b>	<b>-9.071</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>495</b>	<b>2.233</b>	<b>1.172</b>	<b>2.888</b>	<b>5.081</b>	<b>4.223</b>	<b>7.953</b>	<b>-13.071</b>	—
3212 Sjóður og bankareikningar	-156	1.286	-265	1.242	611	3.014	2.496	11.390	—
3214 Veitt lán	-397	686	1.517	-575	-15	-1.229	-4.573	6.632	—
3215 Hlutafé	275	769	-1.043	732	791	2.195	2.509	-37.233	—
3218 Viðskiptakröfur	772	-509	963	1.489	3.694	242	7.522	6.139	—
